

Stolt Sea Farm Iceland hf.  
Vitabraut 7  
233 Reykjanesbæ

Reykjavík, 13. desember 2021  
UST202103-150/H.S.J.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 29.9.2021 hjá Stolt Sea Farm Iceland hf.**

Þann 29. september sl. fór fram eftirlit í fiskeldi Stolt Sea Farm, Reykjanesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili hefur skilað inn uppfærðri úrbótaáætlun vegna eldra fráviks, er varðar eldi á styrju í stöðinni. Samkvæmt núverandi tímaáætlun rekstraraðila verður stöðin orðin tóm af styrju eigi síðar en 30. janúar nk. Stofnunin fer fram á að myndir verði sendar þess til staðfestingar að stöðin hafi verið tæmd af styrju, í síðasta lagi 30. janúar nk.

**Ein ábending var gerð í eftirlitinu og tvö frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 2.3 í starfsleyfi. Losun fosfórs í frárennsli skal vera undir 20 kg/tonn af framleiddum fiski. Fóðurstuðull ársins 2020 var hár og losunin því tæp 24 kg/tonn. **Skv. upplýsingum frá rekstraraðila þann 1. október sl. hefur fóðurstuðull lækkað og stefnir rekstraraðili á enn frekari lækkun á næstunni og þar með losun innan marka starfsleyfis. Fallist er á áætlaðar úrbætur vegna fráviksins og verður því fylgt eftir í eftirliti.**
2. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal skila ársyfirliti fyrir 1. maí ár hvert en í því skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga undangengings árs. Niðurstöður efnamælinga 2020 fylgdu ekki ársyfirliti og upplýsingar um fóðurnýtingu, afföll voru ekki til staðar. **Niðurstöður og skráningar bárust í kjölfar eftirlits og er frávikinu því lokað.**

**Stofnunin fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila og mun fylgja henni eftir í eftirliti. Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.**

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir  
sérfræðingur

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur